


Arðgreiðslustefna Isavia



Arðgreiðslustefna Isavia

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

11. desember 2025

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Inngangur

Í almennri eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins kemur m.a. fram að þau félög sem ríkið á hluti í skili viðunandi arði til hluthafa að teknu tilliti til markaðsaðstæðna, áhættu og fjárfestingarþarfa. Þá kemur fram að arðsemismarkmið skuli byggjast á langtímasjónarmiðum en ekki skammvinnnum ávinningi. Í stefnu móðurfélags Isavia kemur enn fremur fram að Isavia skuli vera arðbært fyrirtæki sem byggir á sterkum innviðum og að félagið bæti stöðugt nýtingu auðlinda með arðsemi og langtímahagsmuni að leiðarljósi.

Félagið hefur sett sér langtímamarkmið um 12,0% ávöxtun á meðalstöðu eiginfjár.

Stjórn Isavia gerir tillögu með rökstuðningi til aðalfundar félagsins um arðgreiðslur í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins.

Tilgangur og markmið

Stefnt er að stöðugum og fyrirsjáanlegum arðgreiðslum með sveigjanleika til að bregðast við breyttum aðstæðum ásamt því að styðja við virði félagsins til lengri tíma.

Stefna

Stefnt er að því að greiða út að jafnaði 25-50% af hagnaði eftir skatta nýliðins árs sem arð til eiganda. Á tímabilum mikilla fjárfestinga, óvissu eða óhagstæðra markaðsaðstæðna getur stjórn ákveðið að lækka eða fella niður arðgreiðslur tímabundið.

Til hliðsjónar ákvörðunum stjórnar um fjárhæð arðgreiðslna verði horft til þess að félagið viðhaldi fjárhagslegum styrk sínum og hafi bolmagn til að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir og rekstur á komandi árum. Þá skal til viðbótar taka mið af því að eiginfjárlutfall verði að jafnaði á bilinu 35-45%.

Til að viðhalda fjárhagslegum styrk eru eftirfarandi kennitölur til viðmiðunar:

Nettó skuldir / EBITDA verði ekki hærra en 5,0
Eiginfjárlutfall fari ekki undir 35%

Upplýsingagjöf

Arðgreiðslustefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins

Endurskoðun

Stjórn Isavia skal taka arðsgreiðslustefnuna til endurskoðunar eigi sjaldnar en annað hvert ár

Samþykkt á stjórnarfundum 11. desember 2025

Stjórn Isavia